

ákærði Eggert Stefánsson á að greiða 50 kr. sekt, eða sæta ella 15 daga einföldu fangelsli, hin ákærðu Sæmundur Magnússon, Jón Hannesson, Ragnheiður Ólafsdóttir, Indriði Indriðason, Anna Margrét Jónasdóttir og Guðmundur Jónsson eiga að greiða 10 kr. sekt hvert eða sæta ella 3 daga einföldu fangelsi. Sektirnar renni í landssjóð. Svo ber hinum ákærðu og, öllum sem einu og einu sem öllum, að greiða allan af máli þessu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal í málflutningslaun til svaramanns þeirra í héraði Jóns landshöfðingjaritara Jónssonar og til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, málflutningsmannanna Páls Melsteðs og Þorsteins Jónssonar, 10 kr. til hins fyrst nefnda og 15 kr. til hvors hinna síðar nefndu. Saurbæjarhreppi geymist réttur til skaðabóta óskertur.

Hið ídæmda ber að greiða innan 8 vikna frá dóms þessa löglegri birtingu undir aðför að lögum.

Nr. 54/1880.

Landshöfðinginn yfir Íslandi
fyrir hönd landssjóðsins
gegn
Þorgrími lækni Johnsen.

D ó m u r:

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur kaupstaðar 23. dag septembermán. f. á., var landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd hins íslenska landssjóðs dæmdur til að greiða Þorgrími lækni Johnsen á Akureyri fyrir kenslu á 6 yfirsetukonum, 50 kr. fyrir

hverja, eða alls 300 kr. með 5% vöxtum frá því að málið var lagt til sætta og þangað til borgun fer fram, svo og til að borga honum málskostnað með 15 kr.

Þessum dómi hefir landshöfðinginn yfir Íslandi fyrir hönd landssjóðsins áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 9. október f. á., og þar krafizt: fyrst og fremst, að áfrýjandinn verði sýknaður af öllum kærnum og kröfum hins stefnda í þessu máli, en til vara, að hann verði sýknaður gegn því að greiða hinum stefnda kaup fyrir hverja yfirsetukonu eftir mati 2 óvilhallra dómkvaddra manna, er skyn beri á þess háttar, þó ekki meira en 50 kr. fyrir hverja yfirsetukonu, og enn fremur að hinum stefnda verði, hver svo sem úrslit málsins verða, gjört að skyldu að greiða áfrýjandanum allan af málinu löglega leiðandi kostnað bæði í héraði og fyrir yfirdómi. Á hinn bóginn hefir hinn stefndi, Þorgrímur læknir Johnsen, krafist fyrir yfirdóminum, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða allan af áfrýjun málsins löglega leiðandi kostnað skaðlaust eða með einhverju nægilegu eftir mati réttarins.

Áfrýjandinn hefir haldið því fram, að hinum stefnda beri skylda til að kenna yfirsetukonum, og byggir þetta einkum á reglugjörð fyrir héraðslækna dags. 25. febr. 1824, 21. gr. og á 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. desbr. 1875, er telji kenslu yfirsetukvenna með öðrum störfum læknisins í landsins þjónustu, og með því eftir reglum þeim, er staðið hafi að undanförunu, ekkert kaup hafi verið greitt fyrir kenslu þessa, þá geti honum heldur ekki, eftir að lögin frá 17. desbr. 1875, sem feli kenslu yfirsetukvenna á hendur meðal nokkurra annara héraðslækna einnig hinum stefnda, sem er héraðslæknir á Akureyri, komu út,

borið nein borgun fyrir þetta samkvæmt 1. lið 4. gr. laga 15. október 1875.

Að 21. gr. reglugjörðar fyrir héraðslækna 25. febr. 1824, eins og áfrýjandinn vill láta vera, feli í sér skipun til héraðslækna, eða nokkurra þeirra, um að kenna yfirsetukonum, getur yfirdómurinn ekki álitid. Það er ljóst af 21. gr. nefndrar reglugjörðar, að löggjafinn hefir gengið út frá því, að ekki væru svo margar lærðar yfirsetukonur til á Íslandi, að nægja mundu, og því yrði að nota á sumum stöðum ólærðar ljósmæður, og þessum ólærðu yfirsetukonum áttu héraðslæknarnir ekki að kenna, heldur að *leidbeina*, og er þetta orð út af fyrir sig aldrei í íslenzku máli haft í sömu þýðingu og að *kenna*; enda mundi löggjafinn, ef hann með nefndu lagaboði hefði ætlað að leggja héraðslæknunum þá skyldu á herðar að kenna yfirsetukonum, hafa skipað nánar fyrir um þessa skyldu og um fyrirkomulagið á kenslunni. En sú hefir aldrei tilætlun löggjafans verið, eins og þar að auki ljóslega sést af Cancellibréfi dags. 12. maí 1827 og öðrum seinni bréfum þess um uppfræðing yfirsetukvonna, og má af nefndu bréfi ráða ekki einungis það, að héraðslæknum þá ekki hafi verið skylt að kenna nærkonuefnum yfirsetukvonnafræði, heldur einnig hitt, að þeim hafi ekki verið það heimilt.

Ekki getur yfirdómurinn heldur álitid, að nokkrum héraðslæknum sé með 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. des. 1875 gjört að skyldu að kenna yfirsetukvennaefnum, því þótt nefnd lagagreiu setji þá reglu, að engin geti orðið skipuð yfirsetukona, nema hún hafi notið kenslu annaðhvort á hinni konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn, eða hjá landlækninum í Reykjavík, eða héraðslækninum á Stykkishólmi, Ísafirði, Akureyri eða Eskifirði, þá

virðist hún, bæði eftir fyrirsögn og öðru innihaldi laganna, einungis að kveða á um, hvað útheimtist til þess að einhver kona geti orðið skipuð ljósmóðir, en ekki að leggja héraðslæknum þeim, er nefndir eru í 5. gr., sem, eins og að framan er sagt, ekki áður var skylt að kenna yfirsetukonuefnum, neinar skyldur á herðar í þessu tilliti, þótt hún að vísu heimili þeim að kenna yfirsetukonuefnum og prófa þær með þeirri verkun, að þær síðan geti orðið skipaðar yfirsetukonur.

Með því yfirdómurinn þannig verður að álíta, að ekki séu til nein lög, er skyldi héraðslækna á verzlunarstöðum þeim, sem nefndir eru í 5. gr. yfirsetukvennalaga 17. desbr. 1875, til að kenna yfirsetukonum, þá virðist fljóta af því, að þeir eigi heimtingu á kaupum fyrir kenslu yfirsetukvenna, þegar þeir veita hana, enda fær yfirdómurinn ekki betur séð, en að út frá því sé gengið í 4. gr. nýnefndra laga, og ber þá eftir þessari grein að greiða það kaup úr landssjóði.

Samkvæmt framan sögðu virðist því hinn stefndi að eiga heimtingu á að fá borgun úr landssjóði fyrir kenslu þeirra yfirsetukvenna, er hann hefir sagt til síðan yfirsetukvennalögin náðu gildi. Hinn stefndi hefir í þessu máli krafist borgunar úr landssjóði fyrir kenslu á 6 yfirsetukonum, og þótt líkur séu til, að hann hafi kent 2 þeirra áður en lögin náðu gildi, þá verður ekki neitt tillit haft til þess landssjóði í hag, þar sem áfrýjandi alls ekki hefir mótmælt því, að hann, ef honum yrði dæmt kenslu kaup, fengi það úr landssjóði fyrir þær allar 6. Sem kenslueyrir fyrir hverja yfirsetukonu hefir hinn stefndi heimtað 50 kr., og hefir áfrýjandi mótmælt þessari upphæð af því hún væri of há. En með því að yfirdóminum, að öllu yfirveguðu, þykir krafa hans í þessu tilliti sanngjörn, virðist bera að dæma honum þetta fé, eða 300 kr. með 5%

árvöxtum frá sáttakæruþingi þangað til fé þetta verður greitt. Málskostnaður fyrir báðum réttum virðist eftir atvikum eiga að falla niður.

Því dæmist rétt vera.

Hinum stefnda, Þorgrími lækni Johnsen, ber að fá greitt úr landssjóði 300 kr. með 5% árvöxtum frá því mál þetta var lagt til sátta og þangað til féð verður greitt. Málskostnaður fyrir báðum réttum falli niður.

Mánudaginn 2. maímán.

Nr. 8/1881.

Réttvísingegn

Lárusi Pálssyni.

Dómur:

Með dómi, sem kveðinn var upp fyrir aukarétti Gullbringu- og Kjósarsýslu 24. dag septembermán. f. á., var Lárus Pálsson á Hellum í Vatnsleysustrandarhreppi dæmdur fyrir ólöglegar lækningatilraunir til að greiða 20 kr. sekt til sveitarsjóðs tédss hrepps og til að borga allan af málinu löglega leiðandi kostnað; á hinn bóginn er hinn ákærði ekki dæmdur fyrir ólöglega meðalásölu, er honum þó einnig var gefið að sök. Þessum dómi er af hálfu hins opinbera áfrýjað til yfirdómsins.

Með eigin játningu hins ákærða, sem kominn er langt yfir lögaldur í sakamálu, og öðrum skýrslum, sem fram hafa komið við rekstur málsins, er það löglega sannað, að hann um næst undan farinn 11 ára tíma hefir fengist við lækningar eftir homöopathiskum reglum og með homöopathiskum meðölum, án þess að hann hafi tekið opinbert próf í lækisfræði eða öðlast leyfi til að hafa lækningar um hönd. Þetta atferli hins ákærða hefir undirdómarinn